



Umhverfisstofnun
Guðmundur B. Ingvarsson
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík

Varðar starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Búðaröxls

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps óskar eftir undanþágu frá reglugerð nr. 738/2003 vegna urðunar sorps frá Langanesbyggð á grundvelli þess að um er að ræða jaðarbyggð með um 460 íbúa í þéttbýli, þ.e.a.s. á Þórshöfn um 375 og á Bakkafirði um 85. Langanesbyggð er 1332 ferkílómetrar að stærð.

Veitt verði heimild á grundvelli 3.gr, með enda verði heildarmagn ekki umfram 1.000 tonn á ári eða 10 tonn á sólahring. Í dag er allt sorp frá Þórshöfn og Bakkafirði flokkað samkvæmt svokölluðu þriggja tunnu kerfi sem gerir það að verkum að til urðunar kemur aðeins sorp sem ekki er endurvinnanlegt.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps hefur samþykkt að ekki verði tekið á móti sorpi frá aðilum nema þeim sem flokka sinn úrgang samkvæmt því kerfi sem er við lýði í Vopnafjarðarhreppi eða sýnt verði fram á enn betri flokkun, þannig að hlutfallslega jafnlítið eða minna af endurvinnanlegum úrgangi berist til urðunar að Búðaröxl.

Vopnafirði 15. júlí 2015

Virðingarfyllst, 
Sveitarstjóri
Vopnafjarðarhrepps
Ólafur Aki Ragnarsson, sveitarstjóri